Nd. **1187. Breytingartillaga**

við frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Barða Guðmundssyni.

1. gr. orðist svo:

Lög nr. 33 frá 7. maí 1928, um skattgreiðslu Eimskipafélags Íslands h/f, skulu gilda árið 1945, enda verði eftirtöldum skilyrðum fullnægt:

1. Arður hluthafa fari eigi yfir 4%.
2. Tekjuafgangi félagsins á árinu 1944, að frádregnum arði skv. tölul. 1, verði varið til kaupa á skipum og á annan hátt í þágu samgöngumála, svo og öðrum sjóðeignum félagsins.
3. Fram fari á árinu, samkv. reglum, er samgöngumálaráðherra setur, könnun á því, hverjir séu núverandi eigendur hlutabréfanna og hvað af bréfunum kunni að vera glatað. Að þessari könnun lokinni skal semja nýja hluthafaskrá og birta hana opinberlega.
4. Samningar náist við félagið um þátttöku í kostnaði við strandsiglingar á þeim grundvelli, sem hlutaðeigandi ráðherra samþykkir.